

## **Fundur svæðisráðs þriðjudaginn 30. nóv. 2015, haldinn í síma, kl. 17.00**

*Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Hákon Gunnarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð.*

Samkvæmt fundarboði voru þrjú atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

### **1. Athugasemdir svæðisráðs við drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð**

Svæðisráð hefur tekið saman athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð skv. beiðni stjórnar og verður hún lögð fyrir næsta stjórnarfund.

Fulltrúar sveitarfélaga í svæðisráði könnuðu það hjá sínum sveitarstjórnnum hvort þeim hefði borist formlegt erindi til afgreiðslu varðandi fyrirbyggjandi drög. Svo reyndist ekki vera og telur svæðisráðið brýnt að sveitarstjórnir hlutaðeigandi sveitarfélaga fái drögin til formlegrar umsagnar.

### **2. Drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlunum fyrir 2016**

Drög liggja ekki fyrir og afgreiðsla því frestað fram í næstu viku. Símafundur með þátttöku framkvæmdastjóra ákveðinn fimmtudaginn 10. desember kl. 17.00.

### **3. Áhersluatriði svæðisráðs vestursvæðis á fundi með stjórn nk. miðvikudag**

Svæðisráð hyggst leggja áherslu á tvö atriði á fundi sínum með stjórn þjóðgarðsins:

*Aukin viðvera í Hrauneyjum og heilsársopnun Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri*

Ásta Berghildur telur brýnt að lögð verði aukin áhersla á meiri viðveru í Hrauneyjum og leitað verði allra leiða til þess í samstarfi við aðra aðila (sjá minnisblað). Hún bendir jafnframt á að þörf sé á markvissri talningu ferðamanna á ársgrundvelli.

Erla bendir á að lenging ferðamannatímans krefjist aukinnar upplýsingagjafar til ferðamanna, ekki síst öryggisins vegna, þar sem þeir eru fæstir meðvitaðir um færð og aðstæður þegar þeir eru komnir á staðinn. Hún telur brýnt að leggja aukna áherslu á upplýsingagjöf og landvörslu á svæðinu.

Hákon tekur undir orð Ástu Berghildar að vetrarumferð um Hrauneyjar sé mikil.

Svæðisráð telur ásættanlegt að leggja áherslu á það fyrst um sinn að manna viðveru í Hrauneyjum frá því í maí og út október ár hvert. Til þess þurfi auknar fjárheimildir til rekstrar.

Svæðisráð ítrekar fyrri kröfur sínar um heilsársopnun geststofu þjóðgarðsins á Klaustri. Til þess að það sé hægt sé þörf á a.m.k. fjárframlögum fyrir sex mannmánuði, frá miðjum október og fram í miðjan apríl ár hvert. Svæðisráð bendir á að það skjóti skökku við að stefna á byggingu nýrrar geststofu án þess að því fylgi skilningur hjá fjárveitingarvaldinu á þörfinni fyrir að halda núverandi geststofu opinni fleiri mánuði á ári en verið hefur.

*Staðan í málefnum er varða gestastofu á Kirkjubæjarklaustri*

Heiða Guðný ræddi vilja meirihluta sveitarstjórnar Skaftárhrepps til þess að hugmyndir um staðsetningu geststofunnar fá faglega yfirlegu. Fram hefur komið sú hugmynd að leita aðstoðar utanaðkomandi aðila við þá vinnu sem yrði gerð í virku samtali við íbúa hreppsins og hagsmunaðila. Heiða Guðný bendir jafnframt á að þó fyrir liggi ákveðin staðsetning skv. skipulagi hafi forsendur fyrir henni gjörbreyst á þeim 5-6 árum sem liðið hafa frá þeirri ákvörðun, m.a. vegna aukins ferðamannastraums, og því nauðsynlegt að taka málið upp að nýju.

Svæðisráð styður heilshugar þá hugmynd að fengnir verði utanaðkomandi fagaðilar til þess að vinna að þessu máli með farsælum hætti. Brýnt sé að um staðsetninguna ríki sátt, hún taki mið af þörfum þjóðgarðsins og vilja heimafólks.

#### **4. Önnur mál**

Ásta Berghildur biður um samantekt á fjölda svæðisráðsfunda það sem af er ári. Orri Páll tekur það saman.

Hákon spyr um heildarframlög hins opinbera til Vatnajökulspjóðarðs. Orri Páll skýrir að framlög til reksturs og framkvæmda skiptist í nokkra liði; af fjárlögum, sem móttframlag úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem og einstaka styrkir eins og t.d. frá Vinum Vatnajökuls. Fjárlög næsta árs hafa ekki verið endanlega afgreidd frá Alþingi en skv. fyrirbyggjandi tillögu er gert ráð fyrir 107,4 milljónum króna til framkvæmda og 564 milljónum króna í almennan rekstur. Þá er gert ráð fyrir 251 milljón króna í sértekjur. Jafnframt er gerð um 3,6

milljóna króna krafa um hagræðingu í rekstri á milli ára. Í heild er því gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs á árinu 2016 nemi 420,4 milljónum króna.

Fundi slitið kl. 18.05